

Nd. 361. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [182. mál]

í málinu: Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Í sérþókkum fulltrúa ASÍ og BSRB með tillögum þeirra og fleiri aðila í verðbólgu-nefnd um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem fram voru lagðar á fundi nefndarinnar 8. þ. m., segir eftirfarandi:

„Við, sem erum fulltrúar ASÍ og BSRB, tökum fram, að samtök okkar eru reiðubúin að eiga viðræður við ríkisstjórnina á grundvelli þessara tillagna.“

Með vísan til þessarar yfirlýsingar telur deildin rétt og leggur til, að viðræður framangreindra launþegasamtaka og ríkisstjórnarinnar fari fram um ráðstafanir í efnahagsmálum, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.